

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. nóvember 2025 í máli nr. 28/2025

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 6. mars 2025 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að súrflaska sem hann fékk afhenta frá varnaraðila hafi ekki verið í samræmi við samkomulag aðila og krefst nýrrar afhendingar. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 6. mars 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör bárust frá varnaraðila þann 13. mars 2025 og athugasemdir sóknaraðila þann 17. mars 2025. Athugasemdir varnaraðila bárust 20. sama mánaðar.

Framlögð gögn í málinu eru kvörtun, andsvör og athugasemdir beggja aðila, ljósmyndir sóknaraðila, afrit af skriflegum samskiptum milli Neytendasamtakanna og varnaraðila í júní 2023, afrit af hylkjaleigusamningi, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila og yfirlit yfir viðhaldssögu súrflösku nr. [...].

Með bréfi, dags. 10. nóvember 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls sendi sóknaraðili varnaraðila súrflösku í sinni eign, með númerinu [...], til áfyllingar árið 2013. Að sögn sóknaraðila hafi flaskan ekki skilað sér til baka og sóknaraðili því haft samband við varnaraðila og krafist afhendingar hennar. Þann 9. janúar 2014 sendi varnaraðili sóknaraðila reikning að fjárhæð 0 krónur vegna leigusamnings á súrflösku þar sem tiltekið var að sóknaraðili fengi frían leigusamning í þrjú ár fyrir slíka flösku. Af gögnum máls verður ekki annað ráðið en að umrædd súrflaska sóknaraðila hafi glatast í meðförum varnaraðila. Sóknaraðili kveðst ítrekað hafa reynt að fá súrflösku sína afhenta frá varnaraðila á tímabilinu janúar 2018 til apríl 2022 en án árangurs. Í kjölfar aðkomu Neytendasamtakanna að ágreiningi aðila var samkomulag gert í júní árið 2023 um að varnaraðili myndi afhenda sóknaraðila aðra áfyllta súrflösku, samskonar þeirri sem sóknaraðili afhenti varnaraðila til áfyllingar árið 2013, með nýlegu viðhaldi og þrýstiprófun. Aðila greinir á um ástand þeirrar súrflösku við afhendingu. Telur sóknaraðili hana ekki vera í því ástandi sem um var samið og krefst nýrrar afhendingar. Varnaraðili kveðst mótmæla því og krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Sóknaraðili vísar til þess að þrátt fyrir margra ára eftirgangsmuni hafi varnaraðili ekki skilað til baka þeirri súrflösku sem hann sendi honum til áfyllingar árið 2013. Hafi varnaraðili síðar veitt sóknaraðila þá skýringu að vegna breytinga á skráningarkerfi hans væri ekki unnt að finna þá flösku. Því hafi aðilar gert með sér samkomulag að varnaraðili myndi senda sóknaraðila nýja slíka sem og hann hafi gert.

Að sögn sóknaraðila hafi súrflaskan, sem varnaraðili afhenti honum í júní 2023, verið komin að úreldingu vegna ryðs á flöskuhálsi. Hafi flaskan því ekki verið í því ástandi sem lofað hafi verið. Þar sem súrflöskur séu almennt notaðar undir miklum þrýstingi sé hættulegt ef þær eru byrjaðar að tærast. Kveðst sóknaraðill hafa upplýst varnaraðila um þá ágalla sem hann taldi vera á flöskunni en varnaraðili ekki brugðist við því.

Varnaraðili vísar til þess að aðilar hafi gert með sér samkomulag í júní 2023 um afhendingu varnaraðila á áfylltri súrflösku með nýlegu viðhaldi til sóknaraðila. Hafi afhending súrflöskunnar farið fram í kjölfarið hjá umboðsaðila varnaraðila á Akureyri. Hafi varnaraðila síðan borist kvörtun sóknaraðila í febrúar 2024 vegna útlits flöskunnar. Vísar varnaraðili til þess að hin umrædda súrflaska hafi hlotið hefðbundið viðhald í maí 2021, þar á meðal hafi verið framkvæmd þrýstiprófun á flöskunni og ventlaskipti. Lögum samkvæmt skuli viðhald og prófanir á slíkum súrflöskum fara fram á 10 ára fresti og því fari næsta þrýstiprófun flöskunnar fram árið 2031.

IV

Niðurstaða

Í júní 2023 gerðu aðilar með sér samkomulag þess efnis að varnaraðili myndi afhenda sóknaraðila sambærilega súrflösku og sóknaraðili hafi sent til varnaraðila árið 2013, með nýlegri þrýstiprófu og viðhaldi, honum að kostnaðarlausu. Varnaraðili afhenti í kjölfarið slíka súrflösku til sóknaraðila. Í febrúar 2024 kvartaði sóknaraðili undan ryðmyndun á hálsi flöskunnar og taldi hana að úreldingu komna. Telur sóknaraðili að súrflaskan hafi verið haldin galla og krefst nýrrar afhendingar. Varnaraðili telur sig hafa staðið við samkomulag aðila og hafnar því að ágallar hafi verið á umræddri flösku við afhendingu.

Undir rekstri málsins óskaði kæruneftindin eftir því við sóknaraðila að hann legði fram ljósmyndir af hinni umþrættu súrflösku við afhendingu hennar til að varpa ljósi á vankanta á henni. Þann 29. september 2025 lagði sóknaraðili fram þrjár ljósmyndir máli sínu til stuðnings. Myndirnar eru skv. skráningarupplýsingum teknar 27. september 2025. Sýna þær nokkra ryðmyndun á og við hvíta hlíf sem staðsett er í kringum háls flöskunnar. Í kjölfarið var varnaraðila gefið tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum við framlagðar ljósmyndir. Í svari sínu til kæruneftindarinnar þann 6. október sl. vísar varnaraðili til þess að ekki sé óalgengt að súrflöskur líti út eins og hin umþrætta flaska geri. Hvíta hlífin sé ekki partur af hylkinu sjálfu heldur sé eins konar sæti fyrir gráa hlíf efst á hylkinu. Þá benti varnaraðili á að vatn komist oft undir hvítu hlífina og geti þá myndast ryð á neðri hluta hennar, líkt og í tilviki sóknaraðila. Auk athugasemda sinna lagði varnaraðili fram yfirlit yfir viðhaldssögu umræddrar súrflösku sem staðfestir að viðhaldi hennar var sinnt 27. maí 2021.

Með hliðsjón af framansögðu, gögnum máls svo og eðli þeirra skemmda sem um ræðir, verður ekki talið að sóknaraðila hafi tekist sönnun um að varnaraðili hafi vanefnt samkomulag sitt við sóknaraðila við afhendingu súrflösku í júní 2023. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

V
Úrskurðarorð

Kröfum sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson